

valdinu lízt svo, til nýrrar málshöfðunar og dóms áleggingar, allt á kostnað undir dómaraans.

Því dæmist rjett að vera:

Hjeraðsdómurinn í máli þessu á ómerkur að vera, og vísast málinu heim aptur til ýtarlegri rannsóknar og, ef ákæruvaldinu lízt svo, til nýrrar málshöfðunar og dóms áleggingar, allt á kostnað undirdómarans.

Mánudaginn 25. septembermán.

Nr. 12/1882

Sigfús Pjetursson

gegn

Stefáni Hafliðasyni

Úrskurður:

Hinn löggilti talsmaður hins stefnda, Jón landshöfðingjaritari Jónsson, hefur beiðzt þess, að frestur sá, er honum var veittur þá er málið fjell í rjett, hálfur mánuður, verði lengdur um 12 vikur, svo að hann geti útvegað heiman úr hjeraði nýjar skýringar í málinu fyrir hönd umbjóðanda síns, eða, ef honum ekki getur veitst svo langur frestur, þá um viku lenging á frestinum. Talsmaður áfrýjandans hefur mótmælt öllum fresti í málinu, og sjerstaklega mótmælt því, að Jón landshöfðingjaritari Jónsson sje tekinn gildur sem talsmaður hins stefnda, með því að hann ekki hafi lagt fram neitt umboðsskjal frá hinum stefnda til að mæta af hans hendi í málinu, en krafizt, að málið verði dæmt í því ástandi, sem það nú er.

Að því er snertir heimild hins löggilta talsmanns hins stefnda til að mæta af hins stefnda hendi, þá hefur hann að visu ekki lagt fram umboðskjal frá hinum stefnda til að halda uppi svörum fyrir hann í yfirdóminum, en hinsvegar segir í löggilding talsmansins, að það sje eptir beiðni hins stefnda, að talsmaðurinn er löggiltur til að flytja mál þetta af hans hendi, og með því að talsmaður áfrýjandans ekki hefur sjerstaklega mótmælt því, að þetta sje rjett hermt, en yfirdómurinn að sínu leyti verður að álíta það næga sönnun fyrir heimild talsmannsins til að halda uppi svörum fyrir hinn stefnda í málinu, þá verður krafa áfrýjandans um, að talsmaðurinn ekki sje tekinn gildur, ekki tekin til greina. Hinsvegar finnur yfirdómurinn ekki næga ástæðu til gegn mótmælum áfrýjandans að veita hinum stefnda 12 vikna frest í málinu til að leita nýrra skýringa í því, með því að honum hlaut að vera innanhandar að vera búinn að útvega þessar skýringar í tæka tíð, þar sem yfirdómsstefnan var birt honum 2 mánuðum áður en hún fjell í rjett, og hin nýju skjöl, sem lögð eru fram af hendi áfrýjandans, ekki hreifa neina nýju atriði í málinu, en aptur á móti veitist hinum stefnda viku frestur til andsvara í málinu.

Því úrskurðast:

Hinum stefnda veitist viku frestur til andsvara í málinu.